

Embætti landlæknis	2.2.0
Skj.fl.	02. júlí 2021
Ábm.	ADM-ABA-Hrb
Málsnr.	2107018



Reykjavík 21.6.2021

Landlæknisembættið,

Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

Heilbrigðisráðuneytið,

b.t. Ester Gunnarsdóttir, lögfræðingur,

Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík,

Varðandi: *Viðurkenningu á hæfi læknisfræðilegrar myndgreiningar/röntgendeilda innan þjónustusviðs á Landspítala til að bjóða upphafssérnám í læknisfræðilegri myndgreiningu (röntgenlækningum, e. core training in medical imaging and radiology).*

Með tilvísan í 7., 8. og 15. gr. reglugerðar nr. 467/2015 um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði þess að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi með síðari breytingum, svo og til starfsreglna nefndarinnar sem staðfestar voru af heilbrigðisráðherra 28. júní 2016, vill mats- og hæfisnefndin tilkynna að á fundi nefndarinnar þann 21.06. 2021 var ákveðið að viðurkenna með formlegum hætti tveggja ára upphafs- eða kjarnasérnám í læknisfræðilegri myndgreiningu (röntgenlækningum, e. core training in medical imaging and radiology) sem mun fara fram á röntgendeildum Landspítala-háskólasjúkrahúss, einingum á Eiríksstöðum, Fossvogi og Hringbraut, Reykjavík. Nefndin skal samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar meta hæfi heilbrigðisstofnunar eða deildar heilbrigðisstofnunar til að öðlast viðurkenningu sem kennslustofnun fyrir slíkt sérnám í læknisfræði.

Ákvörðunin var tekin með hliðsjón af fyrirliggjandi marklýsingu frá Félagi íslenskra röntgenlækna sem byggist á marklýsingu frá Evrópusamtökum röntgenlækna (European Society of Radiology, ESR) og er viðurkennd af Evrópusambandi sérfræðilækna (UEMS). Marklýsingin er frá 2020 og tekur til fulls sérnáms. Sérnámið hefst haustið 2021 og gert er ráð fyrir fyrri hluta sérnáms á Íslandi (Level I training).

Mats- og hæfisnefndin var í úttektarheimsókn m.t.t. sérnámsins á Landspítalanum, Fossvogi, 19.5.21 og ræddu nefndarfulltrúar þá við forsvarmenn sérnámsins, sérfræðilækna sem handleiða og við deildarlækna sem hafa verið í vinnu á myndgreiningu/röntgendeildum LSH undanfarið. Umsagnir stjórnar Félags íslenskra röntgenlækna, framkvæmdastjóra lækninga á Landspítalanum, forstöðumanns fræðasviðsins læknisfræðileg myndgreining við Læknadeild Háskóla Íslands og Embættis Landlæknis hafa verið fengnar með tilvísan í 3. mgr., 15. gr. reglugerðar nr. 467/2015. Jafnframt hefur marklýsingin verið metin

af nefndinni eins og hún er nú (1. útgáfa, endurskoðuð júní 2021, barst nefndinni 10/2020). Í henni er fullnægjandi inngangur á íslensku, staðfærsla og skýringar á íslensku. Meðfylgjandi er lýsing á úttekt sérnámstaðarins. Samþykktin og úttektin er send til myndgreiningar-röntgendeildar á Landspítalanum, og send Heilbrigðisráðuneytinu, Embætti landlæknis og öðrum sem tengjast náminu til kynningar. Úttektin er fáanleg hjá nefndinni.


Viðmið nefndarinnar vegna marklýsingar og mats á sérnámsstað taka mið af leiðbeiningum og vinnuvenjum í Bretlandi og á Norðurlöndum, og tilmælum þar varðandi úttektir á námsstöðum. Íslensku tilmælin eru fáanleg hjá nefndinni. Í matinu er fjallað um námsaðstæður, þ.m.t. mönnun, umfang og inntak starfseminnar, vinnufyrirkomulag, faglega fundi, kennslu, námstækifæri og leiðsögn sem námslæknar fá, auk samvinnu við aðrar stofnanir og deildir spítalans og önnur skyld atriði. Athugasemdir frá mats- og hæfisnefnd hafa verið kynntar forsvarsmönnum námsins og við þeim var/mun verða brugðist.

Nefndin viðurkennir hér með myndgreiningar og röntgendeildir innan þjónustusviðs Landspítala sem námsstað fyrir þetta sérnám og þar með kennslustofnun í þessari sérgrein læknisfræðinnar. Um er að ræða allt að þriggja ára kjarnasérnám (Level I training) með tilvísan í reglugerð nr. 467/2015. Námið er miðað við mest 10 stöður sérnámslækna sem væru í sérnámi á hverjum tíma. Námið er samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala. Viðurkenningin tekur ekki til náms í undirsérgreinum. Sérnáminu mundi ljúka við viðurkennda erlenda stofnun í sérgreininni með tilvísan í ákvæði reglugerðar nr. 467/2015 með síðari breytingum.

Endurmat þessarar viðurkenningar skal skv. reglugerð 467/2015 fara fram eigi síðar en að fjórum árum liðnum, þ.e.a.s. vorið 2025, en með tilliti til matsniðurstaðna verður endurskoðun framkvæmd fyrir eða um mitt ár 2023.

Yfirlit yfir viðurkenndar heilbrigðisstofnanir og marklýsingar skal með tilvísan í reglugerðina birta á heimasíðu Embættis Landlæknis.

Virðingarfyllst, f.h. mats- og hæfisnefndarinnar,



Reynir T. Geirsson, próf. em.,

Formaður mats- og hæfisnefndar skv. reglugerð nr. 467/2015.

English translation/adaptation:

Reykjavík 21.6.2021

Direktorat of Health

Katrínartúni 2, 105 Reykjavik

Ministry of Health

c/o Ester P. Gunnarsdóttir, ministerial lawyer,
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavik

Re.: Accreditation of the Department of Medical Imaging and Radiology, Division of Diagnostic and Support Services, Landspítali University Hospital, Reykjavik, to provide a two-year initial specialist education program in medical imaging and radiology (ESR Level I).

With reference to articles 7., 8. and 15. in the Ministerial Directive nr. 467/2015 on the education, rights and duties of physicians and the requirements for obtaining general medical licence and specialist recognition in Iceland with subsequent amendments, as well as with reference to the working rules for the Icelandic Evaluation and Accreditation Committee (EAC), officially approved by the Minister of Health on 28. June 2016, the EAC hereby declares that at the committee meeting 21.6. 2021 it was decided to grant accreditation for up to a 3 year core specialist training program in medical imaging and radiology at the Medical imaging and Radiology Departments, Division of Diagnostic and Support Services, Landspítali University Hospital (LUH), Reykjavik. The Icelandic EAC has in line with requirements of the Directive nr. 467/2015 the task of assessing the suitability of relevant educational institutions to be accredited for specialisation programs in medicine in Iceland in conformity with European Union regulation nr. 2005/36/EB (<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=celex%3A32005L0036>).


The decision to accredit was taken with reference to the educational guideline (curriculum) for medical imaging and radiology submitted in March 2021 and adopted with permission from the curriculum of the European Society of Radiology (ESR) issued through the European Union of Medical Specialists (UEMS) and conforming to its standards. The present curriculum is from 2020 and is continually being upgraded. The curriculum contains suitable introductory parts in Icelandic and adaptations to the national training situation, recommendations/rules and legislation in Iceland. The program commences formally by the autumn 2021. Members of the EAC visited the teaching unit at Landspítali Fossvogur on 19.5. 2021 and discussed the program, its execution and facilities with those in charge, met educational supervisors and trainees. A report on the visit has been sent to the Icelandic Ministry of Health, the Icelandic Directorate of Health and other relevant bodies/officials for information and can be obtained from the EAC. The Icelandic EAC uses Danish, British and European guiding principles for the accreditation process. The EAC considers facility adequacy, i.a. in terms of manpower, workload, nature of the daily work conducted in the teaching units, as well as teaching methods, professional and

educational meetings, practical learning opportunities, supervision of training, trainee evaluation and other related training aspects.

Hereby the EAC approves the Department of Medical imaging and Radiology as an educational institution for a 2-3 year ESR core training program (Level I training). The program is run within the responsibility domain of the Chief Medical Officer at Landspítali University Hospital in accordance with article 8 of Directive 467/2015. The accreditation does not extend to any subspecialist aspects of medical imaging or radiologic medicine. Renewed accreditation will have to be done according to the stipulations of directive 467/2015 not later than in 4 years time, but will in line with the outcome of the present EAC visit be conducted not later than the middle of the year 2023.

An overview of approved and accredited specialist education in medicine can be found on the homepage of the Icelandic Directorate of Health (www.landlaeknir.is).

On behalf of the EAC,

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Reynir T. Geirsson".

Reynir T. Geirsson, prof. em.,

Chairman of EAC by Directive nr. 467/2015.

Afrit:

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga, Landspítala

Hrund Scheving Thorsteinsson, deildarstjóri, menntadeild, Landspítala

Jón Hilmar Friðriksson , framkvæmdastjóri þjónustusviðs, Landspítala

Enrico B. Arkink, dósent og forstöðumaður fræðasviðsins læknisfræðileg myndgreining, Læknadeild Háskóla Íslands, og kennslustjóri, Landspítala.

Pétur H. Hannesson, yfirlæknir, læknisfræðilegri myndgreiningu/röntgendeild, Landspítala

Maríanna Garðarsdóttir, yfirlæknir, læknisfræðilegri myndgreiningu/röntgendeild, Landspítala

Helgi Már Jónsson, sérfræðilæknir, formaður Félags íslenskra röntgenlækna

Pórarinn Guðjónsson, prófessor, deildarforseti Læknadeilda Háskóla Íslands

Reynir Arngrímsson, formaður, Læknafélagi Íslands

Mats- og hæfisnefnd skv. reglugerð 467/2015

Matsheimsókn vegna sérnáms í læknisfræðilegri myndgreiningu - röntgenlækningum

Dagsetning matsheimsóknar: 19. maí 2021

Úttekt gerð af: Reyni Tómasi Geirssyni og Magnúsi Karli Magnússyni.

Staðsetning: Myndgreining, þjónustusviði, Landspítala-háskólasjúkrahúsi - Fossvogi.

Viðmælendur: Forsvarsmenn sérnáms: Enrico Bernardo Arkink, kennslustjóri, Pétur H. Hannesson, yfirlæknir, Marianna Garðarsdóttir, yfirlæknir (upphaf fundar), Helgi Már Jónsson, formaður Félags íslenskra röntgenlækna (upphaf fundar). **Sérfræðilæknar:** Guðrún Lilja Óladóttir og Sigurveig Þórisdóttir. **Sérnámslæknar:** Jón Bjarnason, Gunnar Bollason og Arnþjótur Björn Halldórsson.

Steinunn Pétursdóttir, skrifstofustjóri á myndgreiningu/röntgendeild LSH-Fossvogi, var viðstödd í upphafi fundar.

Um marklysinguna.

Marklysing liggur fyrir og er byggð á marklysingu frá 2020 frá European Society of Radiology (ESR), alls 152 bls.. Fyrri útgáfa var samþykkt af Evrópusamtökum sérfræðilækna 2018 (UEMS 2018.37). Ný uppfærsla er nú í gildi frá 2020 (sjá ESR European Training Curriculum Level I-II (2020).pdf og á vefsíðunni <https://www.myesr.org/media/2838>) og tekur til fulls grunnsérnáms, Level I og II. Stuðst er við þá útgáfu á LSH.

Gert er ráð fyrir sérnámi hér á landi upp að lokum fyrra stigs sérnáms, Level I, sem tekur allt að þrem árum. Sænsk marklysing hefur verið uppfærð til samræmis við ESR marklysingu, en flestir sérnámslæknar hafa farið þangað vegna sérnáms í fræðigreininni.

Mats- og hæfisnefnd hefur yfirfarið og veitt ráðgjöf varðandi þessa íslensku marklysingu og samþykkt marklysinguna sem fullnægjandi í útgáfu frá júní 2021. Marklysingin inniheldur formála á íslensku og tekur mið af fyrirhuguðum íslenskum viðmiðum og leiðbeiningum, þ.m.t. um kennslustjóra og kennsluráð. Getið er um öll helstu atriði er varða það upphafssérnám sem marklysingin tekur til, en síðan fylgja gögn á ensku um skipulag náms, auk viðauka á íslensku og ensku sem er framvinduskrá sem á að varða leið að fræðilegum þekkingarsviðum röntgenlækninga. Matsblöð eru fyrir hendi. Verið að setja þau í rafrænan grunn (e.Portfolio). Þar er gert ráð fyrir framvindumatsfundum með sérnámshandleiðara og kennslustjóra, 360° mati,

tékklistum, rauntíma-mati á tæknilegri getu, skráningu verkefna í daglegu starfi, námskeiða, ábyrgð og annara faglegra atriða.

Sérnámslæknar yrðu 3-4 á hvorum sérnámsstað (Hringbraut og Fossvogur) á hverjum tíma með því viðmiði að sérnámshandleiðarar hefðu helst aðeins einn sérnámslækni hver, en ekki fleiri en two. Nú eru sérnámslæknar 6 (þarf af einn í barneignaleyfi) og þríf munu bætast við í haust. Sérnámi mun ljúka (að lokum Level II skv. ESR) með sérnámi við viðurkennda erlenda sérnámsstofnun og fer um veitingu sérfræðileyfis samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 467/2015, þar sem segir að sérnámslæknar fái sérfræðiréttindi þar sem meirihluti námsins fer fram og þar sem því lýkur. Með tilvísan í reglugerð nr. 467/2015 og marklýsinguna sem nú er stuðst við mundi sérnámi ljúka erlendis nema marklýsing tæki til lengri skipulagðs sérnámstíma hér á landi. Marklýsingin í heild (á ensku) tekur þó yfir öll fimm sérnámsárin. Ljúki náminu í öðru landi fer um námslok eftir reglum viðkomandi lands með tilvísan í íslensku reglugerðina nr. 467/2015.

Tilvísanir mun þurfa í Almenn viðmið og leiðbeiningar vegna sérnáms á Íslandi (Gullbókina) frá Embætti landlæknis þegar þau hafa verið samþykkt. Það á m.a. við um matsaðferðir í náminu, árlegt fram vindumat o.s.frv.. Sérámsmarkmið eftir árum og áföngum eru skýr, svo og inntak og markmið fræðilegs og klínísks náms (knowledge, skills, competencies, attitudes). Aðstandendur marklýsingarinnar munu fylgjast með þróun og uppfærslu evrópsku marklýsingarinnar, svo og kröfum og uppfærslum í nágrannalöndum Íslands, einkum þeirra landa þangað sem íslenskir sérnámslæknar fara til frekara sérnáms.

Forsvarsmenn námsins eru Enrico B. Arkink, kennslustjóri sérnámsins og forstöðumaður fræðasviðsins læknisfræðileg myndgreining við Læknadeild Háskóla Íslands, Pétur H. Hannesson, yfirlæknir á röntgendeild LSH og Helgi Már Jónsson sérfræðilæknir f.h. Félags íslenskra röntgenlækna. Fimm sérfræðilæknar hafa lokið viðeigandi handleiðslunámskeiðum og reiknað er með að fjölda þeim.

Aðstaða á sérnámsstöðum.

Aðstaða á LSH-Fossvogi var skoðuð, þ.m.t. á sérstakri deild vegna röntgen-inngripa sem er stjórnunarlega ekki hluti röntgendeilda en þó nátengd. Sérnámið mun fara fram á röntgenteildum LSH á Hringbraut og í Fossvogi, en einnig á inngrípadeildinni í LSH-Fossvogi og brjóstagreiningareiningu á Eiríksstöðum (hluti LSH-Hringbraut). Forsvarsmenn sérnámsins telja að deildirnar á LSH hafi aðgang að öllum algengum og flestöllum óalgengari greiningaraðferðum sem svipaðar deildir erlendis hafa, þó í minni mæli sé. Reynsla sérnámslækna ætti því að geta orðið breið.

Á 1. sérnámsári er gert ráð fyrir að sérnámslæknir sé í almennri röntgenvinnu fyrst í 3 mánuði, fái grunnþekkingu í ómskoðun á um sex vikum, vinni við framkvæmd og túlkun tölvsneiðmynda, við bráðarannsóknir og í 3 mánuði við uppvinnslu algengra sjúkdóma. Með framvinduskráningu er ákveðið hvenær á þessum tíma þekking sérnámslæknis leyfir vaktavinnu á 1. sérnámsári. Á 2. og 3. ári á að dýpka þekkingu á ómun, almennri röntgenvinnu,

tölvusneiðmyndarannsóknum og segulómun, auk brjóstamýndgreininga, jáeindaskönnunar, ísótóparannsókna og rannsóknarinngrípa (a.m.k. 4 vikur á hverjum stað, lengur á 3. ári skv. vali). Í verklegum þáttum er áhersla á framkvæmd rannsókna, úrlestur, röntgenfundi með öðrum sérfræðilæknum, myndstýrð inngríp. Þessu fylgir kennsla læknanema og geislafræðinema og vinna við gæðaverkefni.

Góð vinnuaðstaða er fyrir hendi í fjölbreyttum verkefni og þverfaglegri vinnu, einkum með samskiptum við aðrar sérgreinar og við geislafræðinga. Forsvarsmenn telja starfsanda góðan á sérnámsstöðunum.

Um sérnámið.

Sérnámslæknar eru í dagvinnu þar sem þau taka þátt í greiningar- og meðferðarvinnu vegna sjúklinga, ákvörðunum um rannsóknir og úrlestur þeirra. Sérnámslæknar færast milli teyma, taka framvaktir með greiðu aðgengi að sérfræðilæknum. Vaktavinna hefst eftir aðlögunartíma. Vinnuálag er hæfilegt að mati sérnámslækna.

Kennsla er á formi kennslufunda sem eru hálfan dag í viku (3 klst) samkvæmt kennsluáætlun (vetrarmisseri) og sérnámslæknar taka virkan þátt í með eigin framlagi og í skipulagningunni, á fræðslufundum lækna í 1 klst á þriðjudögum, í sjálfsnámi þar sem leiðbeiningar eru veittar (bókin Fundamentals of Diagnostic Radiology, Klein et al., Walters Kluwer útgefandi) og í vikulöngu námskeiði í geislaeðlisfræði, tæknilegum atriðum og geislavörnum í samvinnu við Geislavarnir ríkisins. Réttur til námsferða er virtur. Sérnámslæknum er ráðlagt að fara á námskeið í tilteknu efni, m.a. gegnum ESR, en síður á almennari ráðstefnur.

Nokkrir sérfræðilæknanna hafa farið á handleiðslunámskeið, en handleiðarakerfi hefur ekki verið virkt til þessa. Endurgjöf hefur verið eftir tilefnum til þessa, en verður skipulögð í samræmi við rafrafena skráningu (e.Portfolio) sem kemur frá Bretlandi og Hollandi. Árlegt fram vindumat þarf að taka upp. Sérnámslæknar voru þó ánægðir með endurgjöf og samvinnu við sérfræðilækna/handleiðara til þessa. Gæðaverkefni hafa verið gerð og verða sett betur upp. Áhugi er á aukinni vísindavinnu og mun væntanlega aukast með nýjum erlendum kennara við læknadeildina. Leiðtoga hlutverk og vinna sem felst í yfirsýn er kennd.

Miðað við Norðurlönd er sérnámið ágætlega fjölbreytt og nær yfir við fagsvið. Námstækifæri eru sambærileg því sem er á erlendum stöðum að mati forsvarsmanna sérnámsins og handleiðaranna. Sérnámslæknar hafa fengið tækifæri til að kenna, bæði læknanemum og geislafræðinemum.

Kennsluprógram er skipulagt, og deildarlæknar eiga að fara þangað. Þannig er virk kennsla í fyrllestrum og umræðum (fyrrir utan klíníkska kennslu). Sérfræðilæknar eiga að gera námslæknum kleyft að vera viðstaddir kennsluframboð. Sérfræðilæknar hafa þekkingu á marklýsingunni.

Sérfræðilæknar sem einnig eru handleiðrarar hafa farið á nýleg námskeið á LSH, en eru að fara inn á nýja braut með þessu. Þær líta verkefnið jákvæðum augum, m.a. með framtíðina í huga og telja námstækifæri breið og forsendur sérnáms góðar. Þær voru ekki búnar að fá nýjustu útgáfu marklýsingar.

Sérnámslæknar telja að sérnámskennsla hafi verið eins og til stóð miðað við Covid-ástandið. Þeir höfðu kynnt sér marklýsinguna og töldu kennslu góða og ágætlega skipulagða, bæði m.t.t. greiningar sjúkdóma, til grunnatriða í myndgreiningu og til klínískra þátta, þar sem ábyrgð þeirra væri látin aukast smám saman en markvisst. Vaktir væru lærðómsríkar og þeir læra inngríp. Loggbókin er notuð. Allir eiga nú að fá tilgreindan megin handleiðara. Klínískir leiðbeinendur og handleiðrarar hafa áhuga á kennslunni.

Atriði sem notuð eru í mati á sérnámsstað eru eftirfarandi stig (matið skáletrað, birt á skala frá 1 - 6 þar sem 1 = í mjög litlum mæli, 2 = litlum mæli, 3 = í nokkrum en þó minni mæli, 4 = í nokkrum en þó meiri mæli, 5 = í miklum mæli, 6 = í mjög miklum mæli, eða 0 = á ekki við):

1. Í upphafi náms var gerður skriflegur námssamningur með tilvísan í marklýsingu og megin markmið sérnámstilboðsins og með tilvisan í reglugerðina. *Athugasemd:* Sérnámssamningur hefur verið gerður á vori 2021 = 6.
2. Sérnámslæknirinn fékk kynningu á væntanlegu starfssviði sínu m.t.t. mismunandi þátta og þepa námsins og skipulags í sérnáminu, þ.m.t. inntaks námsins á upphafsári þess. *Athugasemd:* = 6.
3. Námsleiðbeinandi/handleiðari (mentor) var skipaður í upphafi og var aðgengilegur fyrir sérnámslækninn, m.a. á reglubundnum samræðufundum um námsframvindu. *Athugasemd:* Til staðar nýverið, en bæta þarf reglubundna eftirfylgd með námsframvindu og mat á hæfi sérnámslæknisins við lok hvers námsárs = 4.
4. Leiðbeinendur (handleiðrarar) hafa lokið viðeigandi leiðbeinandanámskeiði. *Athugasemd:* Fleiri sérfræðilæknar þurfa að hafa lokið handleiðaranámskeiðum og sýna áhuga á þeirri vinnu = 4.
5. Námslæknir taldi eftirlit og áhuga leiðbeinenda/handleiðara fullnægjandi og að hann/hún hefði haft tækifæri til að ná þeirri hæfni/færni sem vænst var á viðkomandi námsstigi. *Athugasemd:* Rætt, ætti að vera til staðar að miklu leyti = 5.
6. Endurgjöf var veitt þar sem og þegar við átti, þ.m.t. með ráðleggingum um námsframvindu. *Athugasemd:* Rætt, er á byrjunarstigi = 5.
7. Ráðgjöf var veitt um samskipti við samstarfsfólk í öðrum sérgreinum læknisfræðinnar og hliðstæðum heilbrigðisvínsindagreinum, og við samstarfsfólk í mismunandi störfum á vinnustaðnum. *Athugasemd:* Verið rætt, samstarfer gott = 6.
8. Ráðgjöf var veitt um samskipti við yfirmenn og stjórnendur, og einnig opinbera aðila og stjórnvöld ef við átti. *Athugasemd:* Rætt, gert ef tilefni er til = 4.

9. Leiðbeiningar voru veittar um leiðtogahlutverk og það að taka að sér forystu í verkefnum, bæði í daglegum störfum, í kennslu og rannsóknastörfum. *Athugasemd: Rætt, skýr viðleitni í pessa átt fyrir hendi = 5.*
10. Áhersla var á fagmennsku og að tileinka sér góða fagbekkingu, bæði grunnþekkingu og sérhæfðari atriði sérgreinarinnar. *Athugasemd: Rætt, að miklu leyti til staðar = 5.*
11. Námstækifærí í daglegum störfum voru nýtt. *Athugasemd: Rætt, til staðar = 6.*
12. Vinnuskipulag stuðlar að því að ná markmiðum marklýsingar með hliðsjón af hæfni og þekkingarkröfum. *Athugasemd: Rætt = 6.*
13. Tími gafst í daglegri vinnutilhögun til að eiga samtöl við kennslustjóra og leiðbeinanda/handleiðara, og vinnufyrirkomulagið stuðlaði að þekkingaröflun, bæði bóklega, með tækifærum til að geta sótt fræðslufundi og svipuð námstækifærí á deild/stofnun og í þáttöku í klínískum verkefnum til að víkka þekkingar- og reynslugrundvöll. *Athugasemd: Rætt, til staðar = 5.*
14. Eru reglubundnir fræðslu- og námsfundir á vinnustað þar sem viðvera er nauðsynleg? *Athugasemd: Til staðar = 6.*
15. Tækifærí til að sækja samningbundin námsskeið og nýta námsleyfi voru veitt. *Athugasemd: Rætt. Námskeið utan deildar aðgengileg og leiðbeint um þau = 6.*
16. Tækifærí voru veitt til að taka þátt í kennslu nemenda og prófum. *Athugasemd: Rætt, til staðar í einhverjum mæli = 4.*
17. Loggbók/námsskrá/ePortfolio var yfirfarin af leiðbeinendum. *Athugasemd: Rætt, til staðar en reynslu vantar = 4.*
18. Leiðbeinendur, sérfræðilæknar og yfirmenn hafa verið aðgengilegir þegar á þurfti að halda. *Athugasemd: Rætt = 6.*
19. Námslæknar fá tækifærí til þáttöku í gæða- eða rannsóknarverkefni og læra meginatriði slíks starfs eins og við átti varðandi sérgreinina. *Athugasemd: Rætt, til staðar en þarf að bæta = 4.*
20. Á námsstað er áhersla á gagnkvæma persónulega virðingu og sanngirni í samskiptum, teymisvinna gengur vel og tækifærí hafa verið veitt í því sambandi. *Athugasemd: Rætt = 6.*
21. Heildarmat námslækna á vinnu- og námsstaðnum var fullnægjandi. *Athugasemd: Rætt = 5.*
22. Heildarmat kennslustjóra og leiðbeinenda á námslæknum var fullnægjandi. *Athugasemd: Rætt. Fullnægjandi = 6.*

Heildareinkunn: 117 af 132 stigum

Endurmat: Við ≥ 115 stig eftir 2 ár, við ≥ 85 stig eftir 1 ár, við ≥ 75 stig eftir 6-8 mánuði. Stig ≤ 74 eru ekki fullnægjandi og úrbætur (með nýju mati ef við á) þarf til viðurkenningar námsstaðar.

Styrkleikar á námsstað: Almennt er kennsla og umsjón með námslæknum góð, en formlega sérnámið er að hefjast. Áhugi er á að gera vel og efla námið af hálfu forsvarmanna og

yfirlækna. Stuðst er við evrópska marklýsingum með íslenskum inngangi sem er að komast í notkun. Sérfræðilæknar og sérnámslæknar vita af henni. Mikioð klínískt efni og teymisvinna er fyrir hendi sem góður grunnur námsins. Samvinna við aðrar faggreinar og breið fjölfagleg samvinna er til staðar og gamalgróin. Námstækifæri á deildinni eru góð. Góð dagleg nánd og samstarfer milli sérfræðilækna og sérnámslækna. Sérnámslæknar fá talsverða ábyrgð í starfi og í því er markviss hvatning. Hluti sérfræðilækna deildarinnar hafa sótt kennslunámskeið. Rafræn skráning/loggbók (e. eportfolio) er að hefjast. Námslæknar fá tækifæri til að sækja námsfundí/námskeið á deildinni og utan hennar. Verkleg þverfagleg kennsla er fyrir hendi. Aðrir fræðilegir þættir eru í góðu horfi. Almennt er vakta- og vinnubyrði ásamt ábyrgð ásættanleg. Gæðaverkefni hafa verið gerð og fræðileg kennsla er skipulögð.

Veikleikar námsstaðar: Allir sérfræðilæknar deildarinnar þurfa að teljast klínískir handleiðarar og eiga að hafa farið á kennslufræðinámskeið þannig að þeir geti tekið að sér hlutverk sérnámshandleiðara, auk þess að vera klínískir handleiðarar. Tryggja þarf tíma innan vinnuskipulags vegna handleiðslu og funda sérnámslækna með handleiðurum. Bæta þarf matskerfi með hliðsjón af því sem ESR krefst og með hliðsjón af því sem gert er á öðrum deildum, einkum í lyflækningum. Gera þarf ráð fyrir tíma sérnámslækna til að afla sér fræðilegrar grunnþekkingar innan vinnuskipulags sérnámslækna. Áfangaskipti námsins mættu að vera skýrari.. Að mati sérfræðilækna og forsvarsmana sérnámsins er mikilvægasti hluti námsins fölginn í þátttöku í daglegu starfi lækna deildarinnar, en skipulag námsins og mat m.t.t. hæfni, getu, viðhorfa og fræðilegrar þekkingar verða að vera í forgrunni.

Heildarniðurstaða mats: Marklýsing er fullnægjandi. Klínísk og fræðileg kennsla er í góðum farvegi. Betri árleg áfangaskipti þyrfi að skoða og hafa bæði skráningu sérnáms og árlegt framvindumat rafraent í föstum skorðum. Sérnámlæknar sitja í kennsluráði og vænta má virkni kennsluráðs.

Það er niðurstaða Mats- og hæfisnefndar skv. reglugerð nr. 467/2015 að sérnám í læknisfræðilegri myndgreiningu og röntgenlækningum á röntgendeildum LSH í samvinnu við inngrípadeild á LSH-Fossvogi sé fullnægjandi. Staðirnir uppfylla skilyrði reglugerðarinnar til að teljast fullgildur námsstaður fyrir tveggja til þriggja ára upphafssérnám í læknisfræðilegri myndgreiningu/röntgenlækningum fyrir allt að 3-4 sérnámslækna á hverju sérnámsári, þ.e. tveir eða þrír á hvorum af tveim sérnámsstöðum. Endurmat þarf að tveim árum liðnum.

Sent til og staðfest af matsaðilum og fulltrúum námsstaðar:

Reykjavík júní 2021:

Reynir Tómas Geirsson

Magnús Karl Magnússon

Enrico B. Arkink

Pétur H. Hannesson